

VIII. Tillaga til 413. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. febrúar 2018°

Tillaga 1001. fundar bæjarráðs frá 15. janúar sl. um að samþykkja samkomulag um uppgjör við Brú, lífeyrissjóð.

3. **Bókhaldsleg meðferð uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í A-deild Brúar og umfjöllun um opinber fjármál - 2017050098**

Lagður er fram tölvupóstur Gerðar Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra Brúar Lífeyrissjóðs frá 9. janúar sl. er varðar uppgjör vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samkomulag um uppgjör við Brú, lífeyrissjóð, verði samþykkt.

Bókun 411. fundar bæjarstjórnar frá 18. janúar sl.

Bókhaldsleg meðferð uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í A-deild Brúar og umfjöllun um opinber fjármál - 2017050098

Tillaga 1001. fundar bæjarráðs frá 15. janúar sl. um að samþykkja samkomulag um uppgjör við Brú, lífeyrissjóð.

Bæjarstjóri leggur fram eftirfarandi breytingartillögu:

„Bæjarstjórn frestar því að samþykkja samkomulag um uppgjör við Brú, lífeyrissjóð, þar til ítarlegri upplýsingar hafa borist um útreikning á hlut Ísafjarðarbæjar.

Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að undirbúa lántökur og annað svo hægt sé að standa skil á greiðslum til Brúar samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu lífeyrissjóðsins, með fyrirvara um að réttmæti fjárhæða verði staðfest með útreikningum.“

Til máls tóku: Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti, Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri, Daníel Jakobsson, Arna Lára Jónsdóttir, Marzellíus Sveinbjörnsson, Kristján Andri Guðjónsson, Sigurður Hreinsson og Jónas Þór Birgisson.

Daníel Jakobsson leggur fram eftirfarandi bókun f.h. fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar:

„Undirrituð gera athugasemd við að ekki hafi verið gert ráð fyrir uppgjör við Lífeyrissjóðinn Brú í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2018. Ljóst má vera að þetta uppgjör hafi ekki átt að koma á óvart, þó að endanleg upphæð hafi ekki legið fyrir hefur samkomulag þetta legið fyrir um langt skeið. Það að gera ekki ráð fyrir rúmum hálfum milljarði í útgjöld setur auðvitað fjárhagsstöðu bæjarins í uppnám, enda aukast skuldir sem þessu nemur, jafnvel þó að það sé ekki reiknað inn í skuldaviðmið bæjarins er þetta engu að síður skuld sem þarf að greiða. Afborganir og vextir af þessari upphæð gætu verið um 50-80 m.kr. á ári.“

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.

Kristján Andri Guðjónsson, Sigurður Hreinsson og Daníel Jakobsson gera grein fyrir atkvæðum sínum.